

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA

227. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **7. nóvember 2013, kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi: Fjárhagsáætlun.
2. Erindi: Skipulagsmál.

Tekið á dagskrá:

3. Erindi: Garðavegur 14, breyting á skilgreiningu lóðar.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun ársins 2014, fyrir framkvæmdir og viðhald er snýr að skipulags- og umhverfisráði Húnaþings vestra lögð fram til kynningar.

Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og byggingafulltrúa að koma ábendingum ráðsins til sveitastjórnar.

2. Skipulagsmál, staða mála kynnt, lagt fram bréf frá Landmótun ehf, arkitektastofu sem vinnur að aðalskipulagi Húnaþings vestra, um dagsetningu og staðsetningu til kynningarfundar fyrir skipulags- og umhverfisráð og sveitastjórn.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fundurinn verði haldinn í Ráðhúsi Húnaþings vestra þriðjudaginn 26. nóvember 2013.

Tekið á dagskrá:

3. Lagt fram að nýju bréf dags. 12.09.2013, frá Jóhannesi Snorrasyni, kt.270457-2829, Þórðarsveig 26, 113 Reykjavík, þar sem eigendur fasteignarinnar að Garðavegi 14 óska eftir staðfestingu á skilgreiningu lóðarinnar að Garðavegi 14, Hvammstanga sem fjöleignahúsalóð.

Skipulags- og umhverfisráð vísar erindinu í grenndarkynningu fyrir íbúa Mánagötu, Garðavegar nr. 8, 10, 11, 12, 13, 15, 16 og 17. Lækjargötu 10 og Brekkugötu 9, þegar fullnægjandi gögn hafa borist.

Að gefnu tilefni vill skipulags- og umhverfisráð benda á að sækja þarf um stöðuleyfi til leyfisveitenda til að láta gáma standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra gáma.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.19:05

Guðjón Loftsson (sign.),
Sigurbjartur Halldórsson (sign),
Unnsteinn Andrésson (sign),
Pétur Arnarsson(sign), slökkviliðsstjóri,

Erla B Kristinsdóttir(sign.),
Anna María Elíasdóttir(sign),
Vígundur Gunnþórsson(sign),
Gísli Kjartansson(sign).